

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 1030/2013**

2017/EES/24/26

frá 24. október 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu, sem var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/427/EB ⁽⁴⁾, ætti að meta þessar beiðnir.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 13. gr. (3. mgr.), 15. gr. (2. mgr.) og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 834/2007 var komið á grunnkröfum um lífræna framleiðslu á þangi og þara og á lagareldisdýrum. Mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessara krafna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ⁽²⁾ eins og henni var breytt, einkum með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 710/2009 ⁽³⁾.
- 2) Samkvæmt 11. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 geta landsyfirvöld, á tímabili sem rennur út 1. júlí 2013, veitt heimild fyrir því að framleiðslueiningar lagareldisdýra og þangs og þara, sem voru stofnaðar og framleiddu samkvæmt reglum um lífræna ræktun sem samþykktar voru á landsvísi fyrir 1. janúar 2009, haldi lífrænni stöðu sinni við tilgreind skilyrði.
- 3) Sjö aðildarríki lögðu nýlega fram beiðnir um endurskoðun á reglum um vörur, efni og tækni sem nota má við lífrænt lagareldi. Sérfræðingahópurinn um

- 4) Lífræn framleiðsla á þangi og þara og á lagareldisdýrum eru enn tiltölulega ný svið, sem einkennast af mikilli fjölbreytni og mjög flókinni tækni, og komið hefur í ljós að þörf er fyrir lengra umbreytingartímabil.
- 5) Til að gera það kleift að hafa samfellu og tíma fyrir nauðsynlegt mat á þeim beiðnum sem aðildarríkin leggja fram og forðast röskun hjá framleiðslueiningum, sem voru stofnaðar og framleiddu samkvæmt reglum sem samþykktar voru á landsvísi fyrir 1. janúar 2009, er nauðsynlegt að framlengja umbreytingartímabilið sem komið var á með 11. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.
- 6) Til að tryggja að engin röskun verði á lífrænni stöðu þessara framleiðslueininga ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. júlí 2013.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 283, 25.10.2013, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 204, 6.8.2009, bls. 15.

Í stað „1. júlí 2013“ í 11. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 komi „1. janúar 2015“.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 139, 5.6.2009, bls. 29.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
